

HVALFJARÐAR
SVEIT



SUMAR

Í HVALFJARÐARSVEIT

2026



Viðhorfskönnun á kjördag

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt að samhliða sveitarstjórnarkosningum á kjördag, 16. maí nk., verði framkvæmd óbindandi viðhorfskönnun, meðal kjörgengra íbúa, um afstöðu til sameiningar við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti að lagðar yrðu fyrir eftirfarandi spurningar:

Hver er afstaða þín til sameiningar Hvalfjarðarsveitar við önnur sveitarfélög?

- Hlynnt(ur).
- Hvorki né/tek ekki afstöðu.
- Andvíg(ur/t).

Ef hlynnt(ur), hvert horfir þú til?

- Akraneskaupstaðar
- Borgarbyggðar
- Kjósarhrepps
- Annað: _____

Viðhorfskönnunin fer eingöngu fram á kjördag og verður aðgengileg á kjörstað. Það er valfrjálst að taka þátt í viðhorfskönnuninni.

Ítrekað er að um óbindandi viðhorfskönnun er að ræða en ekki kosningu. Niðurstöður hennar munu því ekki fela í sér bindandi ákvörðun, en getur nýst sem vísbending og gagnlegt innlegg í áframhaldandi umræðu og framtíðargreiningar fyrir næstu sveitarstjórn.



Sumar í Hvalfjarðarsveit

Ýmsir viðburðir á vegum eða í tengslum við sveitarfélagið verða í boði í Hvalfjarðarsveit í sumar. Vonandi mun þetta kynningarrit veita góða innsýn í starfsemi sumarsins. Íbúar og aðrir hagaðilar eru einnig hvattir til að fylgjast með á heimasíðu og fésbókarsíðu sveitarfélagsins.

Stjórnsýsluhús/ skrifstofa

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar verður lokuð vegna sumarleyfa frá og með 20. júlí til og með 3. ágúst nk.

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 - 15:00. Föstudaga kl. 10:00 - 12:00.

Sími 433 8500

Netfang: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

SumarGaman

Hvalfjarðarsveit býður upp á leikjanámskeið sem kallast SumarGaman tvisvar sinnum í sumar, 10 daga í júní og 8 daga í ágúst. Námskeiðin fara fram í Furuhlíð Álfholtsskógi.

Börn fædd 2016-2019 er boðið upp á námskeið á virkum dögum frá 10.-24. júní, að undanskildum 17. júní sem er frídagur. Börn fædd 2017-2020 er boðið upp á námskeið á virkum dögum frá 4.-13. ágúst.

Skráning á námskeiðin er í gegnum Abler/Sportabler.

Vinnuskóli

Vinnuskólinn mun starfa frá 12. júní til 7. ágúst sumarið 2026. Unnið er sjö tíma á dag, frá kl. 08:00 – 15:00 mánudaga til fimmtudaga. Athygli er vakin á að fyrsti og síðasti vinnudagur verða á föstudegi. Leitast verður við að veita öllum 14-17 ára unglingum, sem eiga lögheimili í Hvalfjarðarsveit, starf við Vinnuskólann.

Í maí verður umsóknareyðublöðum komið til allra nemenda á skólatíma og farið yfir vinnutíma, laun og reglur í Vinnuskólanum. Umsókn í Vinnuskólann má skila útfylltri í skólann eða fylla út umsókn á þjónustugátt Hvalfjarðsveitar, sjá [hér](#). Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk.

Félagsstarf eldri borgara

Hægt er að fylgjast með félagsstarfi eldri borgara inn á fésbókarsíðu starfsins, sjá [hér](#).

Að auki er það auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sundlaugin að Hlöðum

Sundlaugin að Hlöðum opnar laugardaginn 23. maí. Rekstraraðilar eru Valdimar Ingi Brynjarsson og Guðmundur Júlíusson. Nánari upplýsingar er hægt að sjá á fésbókarsíðu og instagramsíðu sundlaugarinnar. Sjá fésbókar síðu [hér.](#)



Viðburðir í sumar

Sem styrktir eru af sveitarfélaginu úr Menningarsjóði og Íþróttá- og æskulýðssjóði Hvalfjarðarsveitar.

Birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar (þann 13.5.26) á úthlutun úr Íþróttá- og æskulýðssjóði.

Áætlað er að eftirfarandi viðburðir fari fram í sumar:

Eyrarlundur 2026 - styrkur úr Menningarsjóði, og **fjölskyldudagur í sundlauginni að Hlöðum** - styrkur úr Íþróttá- og æskulýðssjóði.

Eftirfarandi verkefni hlutu einnig styrki:

Hrútasýning Búnaðarfélags Hvalfjarðar (Menningarsjóður)

Menningardagskrá á Hallgrímshátíð 2026 (Menningarsjóður)

Barnakór í Hvalfjarðarsveit (Menningarsjóður)

Fótboltanámskeið fyrir 1-4 bekk haustið 2026 (Íþróttá- og æskulýðssjóður)

Dansnámskeið fyrir 18 ára og eldri (Íþróttá- og æskulýðssjóður)

Einnig var styrkur veittur til Ungmenna- og Íþróttafélags Hvalfjarðasveitar vegna **Litahlaups á Hvalfjarðardögum** (Íþrótt- og æskulýðssjóður). Hægt að fylgjast með skráningu inn á fésbókarsíðu félagsins. Sjá fésbókarsíðu [hér](#).



Sumartónleikar Hallgrímskirkju í Saurbæ 2026 fengu styrk úr Menningarsjóði Hvalfjarðarsveita. Sjá fésbókarsíðu [hér](#).

SUMARTÓNLEIKAR

Hallgrímskirkja í Saurbæ 2026

SUNNUDAGUR 28. júní - kl. 16.00 Kristján Kristjánsson, kk Söngur og gítar	SUNNUDAGUR 5. júlí - kl. 16.00 Sycamore Tree Ágústa Eva Erlendsdóttir, söngur Gunnar Hilmarsson, söngur og gítar	SUNNUDAGUR 12. júlí - kl. 16.00 Jazztrío Sunnu Gunnlaugsdóttur
SUNNUDAGUR 19. júlí - kl. 16.00 Dagskrá tilkynnt síðar	SUNNUDAGUR 26. júlí - kl. 16.00 María Qing Sigríðardóttir, selló Ásta Dóra Finnsdóttir, pianó	SUNNUDAGUR 2. ágúst - kl. 16.00 Benita Borbonus, sópran, Alexander Schmidt, barítón Hrönn Þráinsdóttir, pianó

Styrktaraðilar:
Uppbyggingarsjóður Vesturlands
Héraðssjóður Vesturlandsprófastsd.
Hvalfjarðarsveit
Garða- og Saurbæjarprestakall
Hótel Glymur

Aðgangseyrir: 3.500 kr.

Sumartónleikar Hallgrímskirkju í Saurbæ í Hvalfirði

HVALFJARÐAR
SVEIT



20
ÁRA

AFMÆLI




Í ár fagnar Hvalfjarðarsveit 20 ára afmæli.
Sveitarfélagið varð til 1. júní 2006 með sameiningu
fjögurra hreppa.

Að því tilefni verður opið hús í stjórnsýsluhúsinu í
Melahverfi þann 1. júní nk. kl. 16:30, þar sem íbúar,
starfsfólk og aðrir velunnarar fagna saman
þessum 20 árum. Boðið verður upp á veitingar,
tónlistaratriði og fleira.

17. JÚNÍ

Í HVALFJARÐARSVEIT

HEIÐARSKÓLI
HÁTÍÐIN SETT KL. 12



Dagskrá

- Ávarp fjallkonu
- Kór Saurbæjarprestakalls syngur þjóðsönginn
- Barnakór syngur undir stjórn Brynhildar Karlsdóttur
- Lína langsokkur kemur í heimsókn
- Mattías Ómarsson og Jóhanna Vilborg Guðmundsdóttir syngja lög úr söngleiknum *Hvar er draumurinn*
- Kór Saurbæjarprestakalls syngur undir kaffiveitingum

Fyrir alla fjölskylduna

- Andlitsmálun, byrjar kl. 12
- Hoppukastalar
- Hestamannafélagið Dreyri
- Grillaðar pylsur, kaffi og kræsingar
- Blöðrur, sælgæti og gaman saman



KOMUM SAMAN OG
FÖGNUM
ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGINUM

A stylized whale logo in dark blue and light blue, positioned centrally. Above it, a string of red and dark blue triangular bunting flags stretches across the top of the page.

HVALFJARÐARDAGAR

13. – 16. ágúst 2026

Takið helgina frá

Við hvetjum félög, fjölskyldur, vinahópa, vinnustaði og aðra til að standa fyrir skemmtilegum viðburðum á hátíðinni.



Nánari upplýsingar verða inn á Facebook síðu Hvalfjarðardaga. Sjá [hér](#).



Myndir frá hátíðinni 2025

LOK KJÖRTÍMABILS

Við upphaf þessarar samantektar vill sveitarstjórn minnst Ómars Arnar Kristóferssonar sveitarstjórnarfulltrúa í Hvalfjarðarsveit sem lést 17. janúar sl. Ómar Örn sat í sveitarstjórn frá upphafi núverandi kjörtímabils og sinnti störfum í nefndum sveitarfélagsins. Framlag hans til sveitarstjórnarmála í Hvalfjarðarsveit var unnið af virðingu og í góðu samstarfi, fyrir það þakkar sveitarstjórn og sveitarstjóri af heilum hug. Minning um góðhjartaðan og jákvæðan mann mun lifa áfram.



Nú er komið að lokum kjörtímabilsins. Sveitarstjórn hefur á þessu tímabili lagt sig fram um að vinna verkefni sín af metnaði og ábyrgð. Verkefnin hafa verið fjölbreytt og umfangsmikil og ljóst er að áfram verða mörg mikilvæg verkefni á borði næstu sveitarstjórnar. Hvalfjarðarsveit er í mikilli sókn og fram undan eru spennandi tímar í áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins. Hér á eftir verður farið yfir hluta af þeim verkefnum en yfirlitið er þó hvergi nærri tæmandi. Hægt er að lesa fundargerðir, fréttabréf og annað áhugavert efni er varðar sveitarfélagið inni á heimasíðu sveitarfélagsins og hvetjum við alla til að gerast áskrifendur að fréttum á heimasíðunni með því að skrá sig á póstlistann.

Sveitarstjórn vill færa íbúum í Hvalfjarðarsveit, starfsfólki sveitarfélagsins, landeigendum og frístundahúsaeigendum í Hvalfjarðarsveit, sem og öðrum samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og óskar nýrri sveitarstjórn velfarnaðar og farsældar á komandi kjörtímabili.

KÆRAR KVEÐJUR

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 2022 - 2026

SVEITARFÉLAG Í SÓKN

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit sem teygir sig frá botni Hvalfjarðar, nánast að Borgarfjarðarbrú og alla leið að Akranesi fagnar tuttugu ára afmæli á þessu ári. Sveitarfélagið varð til 1. júní 2006 með sameiningu fjögurra hreppa, oft kallaðir „hrepparnir sunnan Skarðsheiðar“. Þetta voru Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Innri-Akraneshreppur.

Í Hvalfjarðarsveit kennir ýmissa grasa en þar er landbúnaður, iðnaður og ferðaþjónusta helstu atvinnugreinarnar. Í sveitafélaginu fer fram metnaðarfullt skólastarf, leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er starfræktur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu með samtals um 130 börn. Í Hvalfjarðarsveit er blómlegt menningar- og mannlíf, með félagsstarfi fyrir unga sem aldna.

Í Hvalfjarðarsveit er gott að vera og óhætt er að segja að öflug atvinnuuppbygging og markvissar innviðafjárfestingar einkenni þróunina í Hvalfjarðarsveit, líkt og stöðug íbúafjölgun sem engin merki eru um að hægja muni á. Við stofnun sveitarfélagsins voru íbúarnir 605 en eru í dag um 830. Fjölgunin er ekki einskorðuð við þéttbýliskjarna eins og Melahverfi og Krossland, heldur er hún víðsvegar í dreifbýlinu enda íbúaskiptingin þannig að 60% íbúa býr í dreifbýlinu og 40% í þéttbýliskjörnum.

Á þessu ári og næstu þremur eru ráðgerðir hjá sveitarfélaginu tæpir 1,6 milljarðar til framkvæmda í Hvalfjarðarsveit. Þar á meðal er framkvæmd á nýju íþróttahúsi (Heiðarborg) en hugsjónin er að með nýju íþróttahúsi verði Heiðarborg samfélagsmiðstöð sem rúmi skóla-, íþrótt, frístunda-, félags- og samkomustarf fyrir alla aldurshópa. Áætluð verklok eru í ágúst á þessu ári. Í kjölfarið er stefnt að því að nýr leikskóli í Melahverfi rýsi, en nýr leikskóli er á lokastigum í hönnun. Áframhaldandi gatnagerð stendur einnig til í sveitarfélaginu þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttum búsetukostum hvað varðar stærð og gerð íbúðarhúsnæðis. Nú þegar hefur verið úthlutað lóðum í Melahverfi III, en enn eru lausar lóðir sem sjá má í kortasjá sveitarfélagsins.

Atvinnuuppbygging í sveitarfélaginu er í vexti og ferðaþjónustan er nú í sókn með blöndu rótgróinna fyrirtækja, enduropnun fyrirtækja og nýrra verkefna. Þar má til dæmis nefna hótelluppbyggingu í botni Hvalfjarðar, ferðaþjónustufyrirtæki og gististaði víðs vegar um sveitarfélagið, auk safna, sundstaða og fleira.


Auk þess er Hvalstöðin staðsett í Hvalfjarðarsveit sem er hluti af atvinnusögu sveitarfélagsins. Margskonar landbúnaðarstarfsemi er í sveitarfélaginu, kúa- og sauðfjárbú eru allmörg og hrossarækt víða stunduð ásamt rekstri eins svínauppeldisbús og tveggja kjúklingabúa.

Á Grundartanga er starfrækt eitt stærsta iðnaðarsvæði landsins og þar eru nú starfandi um tuttugu stór og smá iðn- og þjónustufyrirtæki. Á svæðinu eru um 1.100 bein störf og talið er að um 2.000 störf í heildina séu tengd starfsemi svæðisins í gegnum þjónustufyrirtæki og afleidd störf. Þróunarfélag Grundartanga hefur um árabil unnið að framfaramálum á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðinu við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Félagið vinnur að því að þróa Grundartangasvæðið sem grænan iðngarð með hringrásarhugsun að leiðarljósi. Athafna- og hafnarsvæðið í Galtarlæk/Galtarhöfn er einnig í vinnslu og er áætlað að það skapi um 1.000 störf. Svæðið mun hýsa hreinlega og vistvæna starfsemi, svo sem vörugeymslur, geymslusvæði, léttan iðnað og þjónustustarfsemi tengda hafnarrekstri.

Sundabraut er eitt af lykilinnviðaverkefnum framtíðarinnar og fellur vel að þeirri öfluggu uppbyggingu sem á sér stað í Hvalfjarðarsveit. Með tilkomu hennar mun ferðatími milli sveitarfélagsins og höfuðborgarsvæðisins styttest verulega, sem mun hafa jákvæð áhrif á daglegt líf íbúa ásamt því að auka aðgengi að atvinnu- og þjónustusvæðum sem styður við áframhaldandi vöxt.

Síðast en ekki síst ber að nefna þá einstöku náttúrufegurð sem einkennir Hvalfjarðarsveit, þar sem má finna allt frá fallegum gönguleiðum, glæsilegum fossi (Glymur) til fjölbreyttra útivistarsvæða, Álfholtsskógar og annarra náttúruperla. Í Hvalfjarðarsveit ættu allir að geta fundið útivistarmöguleika við sitt hæfi.

Upptalningin hér að ofan er hvergi nærri tæmandi og eru fleiri spennandi verkefni í farvatninu. Ljóst er að í Hvalfjarðarsveit eru fjölbreytt sóknartækifæri til staðar sem skapa sterkan grundvöll fyrir áframhaldandi vöxt og uppbyggingu.



Heiðarborg.



Vinavöllur í Melahverfi.

VELFERÐAR- OG FRÆÐSLUMÁL

Sveitarfélagið vinnur að innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að verða Barnvænt sveitarfélag. Aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og kynnt af ungmennaráði fyrir öllum nemendum í Heiðarskóli. Unnið hefur verið að þeim aðgerðum sem þar koma fram og stefnir í að sveitarfélagið fái viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag, á 20 ára afmælisdegi sveitarfélagsins, þann 1 júní 2026.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 var ákveðið að hækka frístundastyrk fyrir börn og ungmenni á aldrinum 0–18 ára í 80.000 krónur. Auk þess eru veittir styrkir vegna keppnis- og æfingaferða erlendis að fjárhæð 30.000 krónur. Börn á tekjulágum heimilum geta jafnframt fengið sérstakan tómsundastyrk að fjárhæð 30.000 krónur á ári.

Bygging nýs íþróttahúss við Heiðarborg er eitt stærsta verkefni sveitarfélagsins um þessar mundir. Samhliða framkvæmdunum hefur farið fram stefnumótunarvinna um framtíð Heiðarborgar sem samfélagsmiðstöð. Í september 2025 samþykkti sveitarstjórn að semja við Guðmundu Ólafsdóttur um verkefnastjórn við mótun heildarsýnar fyrir Heiðarborg. Niðurstöður samráðs, tillögur ráðgjafa og upplýsingar um næstu skref má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Anna Margrét Tómasdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Heiðarskóla frá og með 1. ágúst nk. Anna Margrét hefur viðtæka reynslu af kennslu og stjórnun og hefur undanfarin ár starfað sem skólastjóri Reykhólaskóla. Anna Margrét tekur við starfinu af Sigríði Láru Guðmundsdóttur sem starfað hefur við Heiðarskóla í áratugi og verið skólastjóri frá árinu 2016. Sveitarstjórn þakkar Sigríði Láru fyrir farsælt starf og býður Önnu Margréti velkomna til starfa.

Komið hefur verið fyrir færanlegri kennslustofu við leikskólann Skýjaborg þar sem opnað verður auka leikrými fyrir leikskólann í því skyni að geta tekið á móti fleiri börnum og brúa þannig bilið þar til nýtt leikskólahúsnæði verður tilbúið. Hönnun nýs leikskólahúsnæðis er á lokastigi og áætlað að byggingu nýs leikskóla í Melahverfi ljúki árið 2028. Nýja kennslustofan, sem fengið hefur heitið Sólin, var sett upp 31. mars sl., hún er 64,4m² að stærð og stendur á lóðamörkum götunnar Innrímels. Áætlað er að kennslustofan standi þar til nýr leikskóli verður tekinn í notkun og er því einungis um tímabundna lausn að ræða.

MANNVIRKI- OG FRAMKVÆMDIR

Líkt og farið var yfir hér hér að framan þá eru framkvæmdir við nýtt íþróttahús við Heiðarborg í fullum gangi og gengur vel. Áætlað er að framkvæmdum við nýtt íþróttahús ljúki í ágúst 2026. Þá verða nýr íþróttasalur, móttaka, stoðrymi, búningaklefar og þreksalur tekin í notkun. Ný pottaaðstaða verður opnuð nokkrum vikum síðar. Markmiðið er að Heiðarborg verði lifandi samfélagsmiðstöð sem hýsir skóla-, íþrótt-, frístunda-, félags- og samkomustarf fyrir alla aldurshópa. Með því er leitast við að efla íþrótt- og frístundastarf í sveitarfélaginu og stuðla að bættri lýðheilsu íbúa Hvalfjarðarsveitar, m.a. með aukinni heilsuefningu og styrkingu forvarna. Til framtíðar mun Heiðarborg hýsa fjölbreytta og kraftmikla starfsemi sem nýtist bæði íbúum og gestum sveitarfélagsins. Lögð verður áhersla á að skapa aðstöðu sem hvetur fólk til að taka virkan þátt í starfseminni, þannig að hún verði lifandi og blómlegur samkomustaður frá fyrsta degi.

Hönnun nýs leikskóla gengur vel, eins og farið var yfir hér að framan. Aðalhönnuður er Andrúm arkitektar, um lóðahönnun sjá Hornsteinar arkitektar og um verkfræðihönnun, verklýsingar og útboðsgögn sér Efla verkfræðistofa. Aðkoma að nýjum leikskóla verður um götuna Innrimel, sem verður framlengd meðfram Vinavelli.

Sveitarfélagið hyggst setja upp nýtt leiksvæði við íbúðarhverfið í landi Kross og er áætlað að framkvæmdir hefjist í byrjun sumars í kjölfar verðkönnunar í maí n.k. Landslagshönnun svæðisins miðar að því að skapa fjölbreytt leiksvæði sem nýtist breiðum hópi notenda. Áhersla er lögð á að nýta þau náttúrulegu gæði sem svæðið býr yfir, svo sem hæðarmismun, gróður, göngustíga og að leiksvæðið falli vel að umhverfi sínu. Leikvöllurinn er staðsettur við enda Garðavalla og við sjávarsíðuna. Á svæðinu er brekka sem nýta má undir sleða yfir vetrartímann og gefur svæðinu skemmtilegt yfirbragð.

Áformað er að ljúka gerð göngustígs meðfram Eiðisvatni á árinu 2026. Verkefnið hefur verið unnið í áföngum frá Melahverfi og meðfram Eiðisvatni í átt að Grundartanga, áætlað er að ljúka síðasta áfanganum og þeim lengsta síðar á árinu. Sá hluti verksins sem snýr að sveitarfélaginu er í landi Fellsenda en Faxaflóahafnir kosta þann hluta verksins sem er í landi Klafastaða, að skógræktarsvæði við Grundartanga, sem er stærri hluti verksins.

Í Hvalfjarðarsveit er unnið markvisst að innviðauppbýggingu vaxandi samfélags í takt við fjölgun íbúa þar sem markmiðið er að gera gott enn betra til framtíðar.

MENNING OG MARKAÐSMÁL

Öflugt félags- og menningarlíf er í Hvalfjarðarsveit og gegna félög og samtök þar mikilvægu hlutverki. Tónlistarfélag Hvalfjarðarsveitar og kór Saurbæjarprestakalls hafa lengi séð um 17. júní hátíðarhöldin í Hvalfjarðarsveit fyrir sveitarfélagið. Skógræktarfélag Skilmannahrepps hefur haldið utan um páskaeggjaleit í Álfholtskógi og Kvenfélagið Lilja hélt utan um jólagleði á Vinavelli 2025 fyrir sveitarfélagið.

Í ár munu Hvalfjarðardagar vera í höndum Valdimars Inga Brynjarssonar og Hjörvars Gunnarssonar, en þeir sáu einnig um skipulag og framkvæmd þeirra árið 2025.

Nýlega var gerður samstarfssamningur um rekstur Bókasafns Akraness. Safnið mun þar með þjónusta einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, en markmið samningsins er að veita íbúum Hvalfjarðarsveitar aðgengi að safnkosti og þjónustu Bókasafns Akraness.

Í samstarfi við auglýsingarstofuna ENNEMM hefur verið í gangi kynningar- og markaðsátak. Samfélagsmiðlaherferð hefur farið fram síðustu misseri, sjá myndir hér fyrir neðan. Þar að auki vinnur sveitarfélagið að uppsetningu á aðkomutákni.



„Gott mannlíf og margar fallegar náttúruperlur.“

Petrína Helga Ottesen, aðalbókari og Hlynur Máni Sigurbjörnsson, stjórnandi rannsóknarstofu hjá Elkem.

hvalfjardarsveit.is



„Ég hlakka til að ala upp dóttur okkar hér“

Þorbjörg Eva Ellingsen, dýralæknir

hvalfjardarsveit.is

UMHVERFI, SKIPULAG, NÁTTÚRUVERNÐ OG LANDBÚNAÐUR

Gatnagerð vegna nýrrar götu, Urðarmels, í Melahverfi er á lokastigi. Verktaki í verkinu er Borgarverk ehf og er áætlað að götunni sé skilað tilbúinni til sveitarfélagsins með lögnum, malbiki og lýsingu í maí 2026. Frágangur gangstétta og kantsteina verður gerður síðar þegar uppbygging húsa við götuna verður komin áleiðis.

Á 441. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var þann 21. apríl sl., var byggingarlóðum úthlutað til þeirra sem sótt höfðu um lóðir við Urðarmel, alls var sótt um 6 lóðir og 3 til viðbótar til vara, af þeim 12 lóðum sem auglýstar voru á tímabilinu 11. mars til og með 13. apríl 2026. Um var að ræða 3 einbýlishúsalóðir, 4 parhúsalóðir og 5 fjögurra íbúða raðhúsalóðir eða samtals 12 lóðir fyrir 3 einbýlishús og 28 íbúðir í par- og raðhúsum. Úthlutunin fór fram skv. reglum sveitarfélagsins og var dregið um þær lóðir þar sem fleiri en einn umsækjandi var um að ræða.

Hvalfjarðarsveit hlaut, í samstarfi við landeigendur í Stóra-Botni, styrk að fjárhæð 26.450.000 króna úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2026. Styrkur er veittur til áframhaldandi verndar og uppbyggingar við Glym í botni Hvalfjarðar.

Umferðaröryggismál eru ávallt ofarlega í huga. Fulltrúar Hvalfjarðarsveitar hafa átt fjölmarga fundi með Vegagerðinni, þingmönnum og öðrum hagsmunaaðilum þar sem lýst hefur verið yfir þungum áhyggjum af umferðaröryggi í sveitarfélaginu og áréttað nauðsyn úrbóta hið allra fyrsta. Vegagerðin ber ábyrgð á Þjóðvegi 1, en ákvarðanir um fjármögnun og stefnu eru teknar á vettvangi ríkisins.

Umsagnir, fjallskil, tilkynningar um framkvæmdir, umsóknir um framkvæmdarleyfi og fleira má finna í fundargerðum Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar. Á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar birtast einnig reglulega fréttir og tilkynningar, meðal annars um auglýstar tillögur að breytingum á aðalskipulagi, skipulagslýsingar, deiliskipulagstillögur og fleira. Sveitarstjórn hvetur íbúa til að fylgjast með heimasíðu sveitarfélagsins og fésbókarsíðunni.



Heiðarborg.



Færanlega kennslustofan, Sólin.



Urðarmelur, Melahverfi.



Leiksvæði, Krossland.



Staðsetning leiksvæðis.



Skýjaborg - Nýr leikskóli í Melahverfi.



Grunnmynd.

Gledilegt sumar



HVALFJARÐARSVEIT

2026

